



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 703. mál

SI vilja fyrst vekja athygli nefndarinnar á skýrslu starfshóps fjármálaráðherra um endurskoðun áfengisstefnunnar frá janúar 2010. Mikilvægt er að hafa þá góðu vinnu til hliðsjónar við endurskoðun á lagaumgjörð áfengis- og tóbaksverslunar hér á landi.

Einnig þykir rétt að benda á að fyrir Alþingi eru nú tvö lagafrumvörp sem tengjast áfengisstefnu, en um þau er fjallað í tveimur mismunandi nefndum, þótt málin séu skyld. Skortur virðist vera á heildaráfengisstefnu stjórnvalda í þinginu. SI telja afar mikilvægt að allir hagsmunaaðilar komi að mörkum stefnu stjórnvalda varðandi áfengismál.

Í 11. gr. frumvarpsins er að finna þrjá efnisliði sem eru til þess fallnir að raska flæði vöru á hinum sameiginlega innri markaði Evrópu, en um er að ræða eftirfarandi liði:

- ÁTVR er heimilt að hafna vörum sem innihalda gildishlaðnar eða ómálefnalegar upplýsingar sem gefa til kynna að áfengi auki líkamlega, andlega, félagslega eða kynferðislega getu, særa blygðunarkennd eða brjóta á annan hátt í bága við almennt velsæmi, m.a. með skírskotun til ofbeldis, trúar, ólöglegra fíkniefna, stjórnmalaskoðana, mismunar og refsiverðrar háttsemi.
- ÁTVR er heimilt að hafna vöru sem er keimlík annarri vöru á almennum markaði.
- ÁTVR er heimilt að hafna vöru sem inniheldur koffein og önnur örvandi efni.

Skv. EES-samningnum er íslenska ríkið skuldbundið til að gæta jafnræðis gagnvart einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri og í 15. lið aðfararorða EES-samningsins kemur skýrt fram að samningsaðilar stefni að því að ná fram og halda sig við samræmda túlkun og beitingu samningsins og þeirra ákvæða í löggjöf bandalagsins sem tekin eru upp efnislega upp í samninginn. Íslenska ríkið er skuldbundið til að gera ekki strangari kröfur en gerðar eru almenn innan Evrópska efnahagssvæðisins, nema almannahagsmunir krefjast þess.

SI legur því til að umræddir liðir verði felldir út og í þeirra stað kom eftirfarandi:

„Vöruvalsreglur ÁTVR skulu vera í samræmi við innlenda neytendalöggjöf og skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum.“

Að öðru leyti vísa SI í og styðja umsögn Félags atvinnurekenda, dagsetta 2. maí 2011.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri